

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Uppsalaveg á Húsavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Húsavíkubæjar þann 20. apríl 2004 samþykkt deiliskipulag svæðis á „hólnum“ í Húsavíkurbæ. Skipulagið afmarkast af Garðarsbraut að vestan, Fossvöllum að norðan, Holtagerði og Uppsalavegi að austan og Baughóli og Hjarðarhóli að sunnan. Svæðið er að mestu fullbyggt en þó bætast við þrjár nýjar byggingarlóðir við Uppsalaveg. Þrjár athugasemdir bárust við skipulagstillögunu og var henni breytt óverulega til samræmis við þær. Þeir sem óska nánari upplýsingar um deiliskipulagið og afgreiðslu þess geta snúið sér til undirritaðs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Húsavík, 10. maí 2004.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.